

HALLDÓR GRÖNVOLD

ÁVARP FORMANNS

Íslenskt samfélag glímur nú við djúpa efnahagskreppu og erfið úrlausnarefni í framhaldi af hruninu fyrir rúmu ári. Staðan endurspeglast með skýrum hætti í atvinnulífínu og stöðu launafólks. Heilu atvinnugreinar hafa orðið fyrir miklum áföllum og fjölmörg fyrirtæki hafa þurft að draga stórlega saman seglin eða hætta starfsemi. Atvinnuleysi mælist nú tæp 8% og þeim einstaklingum fjölgar stöðugt sem glíma við langtímaatvinnuleysi. Allar tölur sýna að fólk með litla formlega menntun hefur farið verst út úr þessum hremmingum á vinnumarkaði. Verði ekki gripið til umfangsmikilla aðgerða er því spáð að ástandið muni enn versna á næstu mánuðum og að langur tími muni líða áður en íslenskt atvinnulíf nær sér á strik að nýju. Það er óviðunandi framtíðarsýn.

Við þessar aðstæður reynir sem aldrei fyrr á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, þá sem að henni standa og samstarfsaðila. Og það hefur margt verið vel gert á undanförunum mánuðum til að bregðast við erfiðum aðstæðum. Skömmu eftir hrunið sl. haust hafði FA frumkvæði að því að efna til samráðs allra helstu aðila sem standa að fullorðinsfræðslu á vinnumarkaði og þeirra sem hafa beinna og óbeinna hagsmuna að gæta í þeim efnunum. Markmiðið var að fylgjast með og greina þróunina, einkum þeirra sem hafa minnsta formlega menntun, stilla saman strengi, efla ráðgjöf og þróa menntunarræði sem taka sérstaklega mið af hagsmunum þessa hóps. Reynslan sýnir að það fyrirkomulag, sem byggt hefur verið upp hér á landi og þróað í ágætu samstarfi aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og fræðslustofnana, er einkar verðmætt þegar takast þarf á við þær aðstæður sem nú ríkjá. Á grunni þarfagreiningar FA og samstarfsaðila hefur áherslum verið breytt, verkefni endurskilgreind og fjármunum og mannauði í ríkum mæli verið beint í verkefni sem ætlað er að takast á við ástandið og styrkja stöðu þeirra sem eru án atvinnu eða standa veikt á vinnumarkaði.

Fjölbreytt menntunarræði, sem ætlað er að styrkja stöðu einstaklinga á vinnumarkaði og styðja einstaklinga og fyrirtæki við að takast á við breytingar í atvinnulífínu, hafa aldrei verið mikilvægari en nú. Því er sérstaklega ánægjulegt að við gerð stöðugleikasáttmálans í júní sl. tókst að verja framlög til fullorðinsfræðslu í atvinnulífínu á næsta ári. Um leið er mikilvægt að samfélagið hafi framtíðarsýn og setji sér markmið um menntunarsstig á vinnumarkaði. Hér er sú sátt, sem náðist á

milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins í febrúar 2008, í fullu gildi þar sem segir: „Stefnt verði að því að ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði verði án starfs- eða framhaldsskólamenntunar árið 2020. Markvisst verði unnið að því að skapa tækifæri og hvata til menntunar fyrir fólk sem er á vinnumarkaði og hefur takmarkaða menntun.“

Á næstu dögum verður lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um framhaldsfræðslu. Frumvarpið, sem upphaflega var lagt fram á síðasta vetri,

er unnið í ágætu samstarfi menntamálaráðuneytisins, aðila vinnumarkaðarins og annarra sem hafa hagsmuna að gæta. Nú hefur verið rutt úr vegi þeim hindrunum sem áður voru í veginum og því ekki ástæða til að ætla annað en að það fái framgang og verði að lögum á yfirstandandi þingi. Lagasetning um framhaldsfræðslu er mikilvægur liður í að treysta stöðu fullorðinsfræðslu í atvinnulífínu og setja starfseminni ramma. Með lögnum er jafnframt lagður frekari grundvöllur að framtíðarfyrirkomulagi þessa mikilvæga menntunarsstigs.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er ætlað mikilvægt hlutverk varðandi framtíðarfyrirkomulag fullorðinsfræðslu á vinnumarkaði. Það er vilji aðila vinnumarkaðarins og það er áréttað sérstaklega í athugasemdum með framhaldsfræðslufrumvarpinu. Í því ljósi er ánægjulegt að nú hillir undir að BSRB, fjármálaráðuneytið og sveitarfélögin verði aðilar að FA vegna þeirra opinberu starfsmanna sem falla undir markhópin. Með því verður enn styrkari stöðum skotið undir starfsemi FA og réttindi og möguleikar þeirra sem tilheyra markhópinum auknir.

Fyrir hönd stjórnar FA vil ég nota tækifærið til að þakka starfsfólki FA og öllum samstarfsaðilum, símenntunarmiðstöðvum og öðrum fræðsluadilum, samtökum á vinnumarkaði, menntamálaráðuneytinu og opinberum aðilum, sem komið hafa að starfsemi, fyrir samstarfið síðustu mánuði og misseri. Framtíðin felur í sér mikla áskorun sem ég er sannfærður um að við munum standa undir á þeim trausta grunni samstarfs og sameiginlegu sýnar sem við byggjum á.



Halldór Grönvold